



Fundargerð

**3. fundur Velferðarráðs Skaftárhrepps
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,
fimmtudaginn 26. september 2024.**

Fundinn sátu:

Bergur Sigfússon, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson, Jón Geir Ólafsson, Auður Eyþórsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Einar Björn Halldórsson, Sólveig Ólafsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Halldóra St. Kristjónsdóttir og Valgeir J. Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Bergur Sigfússon, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 13.00.

Almenn mál

1. 2408005 - Uppsakeruhátíð Skaftárhrepps

Uppsakeru- og þakkarhátíð í Skaftárhreppi verður haldin dagana 14. - 20. október 2024.

Jón Geir Ólafsson, gerði grein fyrir málinu. Greindi hann meðal annars frá því að nokkrir dagskráliðir væru orðnir fastir á dagskrá, svo sem að Björgunarsveitin Stjarnan yrði með söngskemmtun, skólanir yrðu opnir, opin hús yrðu meðal annars Þykkvabæ 3A, Efri-Vík, (torfbær), Seglbúðum (hús Jóns og Dúnu), Arnardrang. Jón Geir reiknaði enn með að kótelettukvöld yrði haldið, en ekki lagi fyrir hvar það yrði haldið enn. Jóni er falið að auglýsa Uppsakeru- og þakkarhátíð í samráði við sveitarstjóra þegar endanleg dagskrá liggur fyrir.

2. 2408042 - Málefni íþróttá- og æskulýðsmála

Í fjarveru Sigurðar Eyjólfs Sigurjónssonar, íþróttá- og æskulýðsfulltrúa, fór sveitarstjóri í gegnum þennan málaflokk.

Íþróttafulltrúi sótti Ungmennaráðstefnu UMFÍ að Reykjum í Hrútafirði um nýliðna helgi ásamt tveimur fulltrúum Ungmennaráðs Skaftárhrepps. Þar voru saman komin um 90 ungmenni allsstaðar að af landinu ásamt starfsfólk Ungmennaráða. Mikill kraftur var í þátttakendum ráðstefnunnar. Ungmennin sem þar voru saman komin voru til fyrirmynnar í einu og öllu. Málstofur voru á laugardeginum um líkamlega, andlega og félagslega heilsu. Á sunnudeginum fengu ungmennin færi á því að ræða málefni ungs fólks við ráða fólk sem og afreksíþróttamenn. Mikið af hópeflum og gleði, frábær viðburður í alla staði.

Íþróttæfingar fullorðna hófust í þessari viku(39). Oft er einna erfiðast að fá fólk til að mæta fyrst á haustin og því langar íþróttafulltrúa að biðja sem flesta að mæta og taka fleiri með sér. Blak á mánudögum, fótbolti á þriðjudögum, körfubolti á miðvikudögum, badminton/borðtennis og ringó á fimmtudögum. Rétt er að minna á að frítt er í sund laugardaginn 28. september 2024 í tilefni íþróttaviku Evrópu.

Hreyfing 60+ hefst í október með svipuðu sniði og var síðasta vor. Boccia, pokavarp, ringó og sundleikfimi á dagskránni.

JK EBH
JL SS 6 GS
BS



3. 2408006 - Málefni leik- og grunnskóla Skaftárhrepps

Valgeir J. Guðmundsson, skólastjóri greindi frá málefnum leik - og grunnskóla og greindi meðal annars frá eftirfarandi atriðum:

Skólastjóri ásamt fulltrúum Skólapjónustu sátu fund með Miðstöð Menntunar og þróunar. Nokkrir foreldrar hafa kvartað til miðstöðvarinnar vegna að sett hefði verið á símabann og harkaleg viðbrögð við brot á reglum. Með því að læsa klósettum og hleypa ekki unglingsadeildinni inn.

Skólastjóri greindi frá því að hann hefði svarað athugasemdum frá Vinnueftirlitinu, sem var að hluta til frá árinu 2023. Eftir að hafa útskýrt málið stendur engin athugasemd útaf frá og með deginum í dag.

Skólastjóri greindi jafnframt frá því vegna fréttar sem birtist á Vísi að fréttamaður hefði haft samband við hann út af pósti sem foreldri hafði áframsetnt á hann. Var það póstur um nýjar reglur við skólann og myndir af skemmdum á húsnæðinu. Upplýsti skólastjóri fréttamann um ástandið og ástæður fyrir viðbrögðum. En benti á að um leið og búið væri að setja upp myndavélar væri hægt að hverfa frá nýjum reglum sem settar hefðu verið til að tryggja öryggi nemenda og starfsmanna.

Ennfremur greindi skólastjóri frá því að bætt hefði verið við starfsmanni til reynslu til að mæta athugasemdum foreldra unglingsadeilda um ónógan stuðning og til að tryggja að þjónustan verði betri.

4. 2405012 - Ungmennaráð Skaftárhrepps

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og lagði til að breytingar yrðu gerðar á vali fulltrúa í Ungmennaráð Skaftárhrepps. Velferðaráð samþykkir að fela íþróttar- og æskulýðsfulltrúa að leggja fram breyttar reglur á næsta fundi Velferðaráðs.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 14.15.

Bergur Sigfússon
Bergur Sigfússon

Gunnar P. Sigmarsson
Gunnar Péter Sigmarsson

Auður Eyþórsdóttir
Auður Eyþórsdóttir

Sólveig Ólafsdóttir
Sólveig Ólafsdóttir

Arnfríður Sædís Johanneshdóttir
Arnfríður Sædís Johanneshdóttir

Jón Geir Ólafsson
Jón Geir Ólafsson

Einar Björn Halldórsson
Einar Björn Halldórsson